



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Skýrsla stjórnar Betadeildar á aðalfundi 11. maí 2012. Loksskýrsla 2010 - 2012

Stjórn deildarinnar þetta starfstímabil skipuðu:

Þorgerður Sigurðardóttir formaður

Jónína Hauksdóttir varaformaður (tók við ritarastarfinu seinna árið)

Þórunn Bergsdóttir ritari (gekk úr stjórn eftir fyrra árið)

Hanna Salómons dóttir meðstjórnandi

Með stjórninni starfaði Eygló Björnsdóttir fráfarandi formaður og

Sigrún Aðalgeirsdóttir gjaldkeri.

Starf nýrra stjórnar hófst í september 2010. Stjórnin gerði drög að starfi vetrarins og var fyrsti fundurinn haldinn 20. september að Möðruvöllum í Hörgárdal. Í þeirri ferð fengu konur fróðlega leiðsögn um staðinn. Alls voru haldnir sjö fundir yfir veturinn flestir þeirra með hefðbundnu lagi. Þetta árið var svolítið brugðið út af vananum og engir gestir komu á fundina með erindi eða annað nema á jólafundinn en þá kom Anna María Sigurðardóttir sem sagði frá jólum erlendis þar sem hún ólst upp. Áherslan á fyrra ári þessarar stjórnar var á starf samtakanna og umræður um samtökin og hvað Betasystur vilja fá út úr því að vera í samtökunum.

Á októberfundi 2010 var erindi um DKG. Ástæða þess var að margar nýjar konur hafa gengið í deildina sl. ár og þótti ástæða til að fræða þær enn frekar um samtökin auk þess sem þær sem lengi hafa verið í deildinni gátu svarað spurningum þeirra sem nýrri eru. Þetta erindi var byggt á fræðsluerindi Sigrúnar Klöru frá framkvæmdaráðsfundi Landssambandsins og hafa nokkrar deildir fengið spurnir af glærusýningunni og fengið hana hjá formanni Betadeildar. Ennfremur fór formaður með kynninguna á fund hjá Mýdeildinni ásamt Ingibjörgu Auðunsdóttur sem hefur verið mentor Mýdeildar.

Á febrúarfundi 2011 fóru Betasystur í naflaskoðun um það hvað það gefur þeim að vera í DKG. Unnið var áfram með þær hugmyndir á septemberfundi 2011. Lokafundurinn var svo haldinn í maí í heimahúsi þar sem Betasystur komu með veitingar með sér.

Á fyrra ári stjórnarinnar var stofnuð ný norðurlandsdeild, Mýdeildin. Það kom í ljós þegar bjóða átti konum að ganga í Betadeild að það hafði áhrif að ný deild var í undirbúningi því einhverjar þeirra voru einnig boðnar þangað. Nokkrar umræður urðu á þessum tíma um fyrirkomulag á inntöku kvenna í deildina. Frá upphafi hefur það tíðkast í Betadeild að Betasystur kynna álitlegar konur, stjórnin ákveður svo hvaða konur verða bornar upp og síðan er kosið um þær. Eitthvað er þetta misjafnt eftir deildum og hægt að túlka lög og reglugerð um inntökuna á fleiri vegu. Nú stendur yfir endurskoðun á reglugerðinni og hefur stjórn Betadeildar sent inn athugasemdir. Vonandi skilar það árangri þannig að deildin geti tekið afstöðu til þess í framtíðinni hvernig hún vill hafa þetta fyrirkomulag. En niðurstaðan varð að í Betadeild gengu fjórar mjög efnilegar og áhugasamar konur sem við tókum opnum örmum. Tvær þeirra gengu í deildina í október 2011 en hinar tvær á aðalfundi deildarinnar 2012. Það er mjög ánægjulegt að svo margar konur skuli hafa gengið inn á þessu tímabili.

Á októberfundi 2010 var ákveðið að senda ályktun frá deildinni vegna niðurskurðar í menntamálum. Formanni var falið að senda hana á alla formenn sem hann gerði en einhverra hluta vegna tókst það ekki. Samkvæmt lögsögumanni DKG þá er rétta leiðin að taka ályktunina fyrir á framkvæmdaráðsfundi og þaðan er hún send á allar deildir og fjölmiðla. Þessi ósk var borin fram fyrir framkvæmdaráðsfund 2011, en ályktunin ekki tekin fyrir þar.

Seinna starfsár stjórnarinnar hófst með ferð á Blönduós. Heimilisiðnaðarsafnið var heimsótt og fengu konur leiðsögn um safnið. Að heimsókninni lokinni var farið á veitingastaðinn „Potturinn“ og þar átti hópurinn góða kvöldstund við spjall um vetrarstarfið. Það starfsár voru haldnir níu fundir að leshringnum og aðalfundinum meðtöldum. Auk þess verður haldið upp á 35 ára afmæli deildarinnar 2. júní. Á fundina komu nokkrir góðir gestir eins og Ingibjörg Auðunsdóttir með erindi um einelti stúlkna, Dýrleif Skjöldal með erindi um hvernig hægt er að nota nudd í skólastarfi, ennfremur fengu Betasystur kennslu í nuddi. Birna Guðrún Baldursdóttir iðjuþjálfari með kennslu í hópeflisleikjum og fengu konur að prófa nokkra leiki á fundinum. Mýdeildinni var boðið á jólafundinn að þessu sinni og voru 38 konur á þeim skemmtilega fundi. Þangað kom Anete Blischke sem er alin upp í Austur Þýskalandi og sagði hún frá jölunum þar í landi.

Á febrúarfundinum 2011 var unnið með innra starf deildarinnar og út úr þeirri vinnu komu margar góðar hugmyndir sem hægt verður að vinna áfram með. Í október 2011 gerði stjórnin tillögu út frá þeim hugmyndum og var ákveðið að Betasystur tækju allar þátt í að undirbúa fundi og stjórna þeim. Þetta fyrirkomulag hefur verið prófað í fleiri deildum en ekki í

Betadeild fyrr en nú á vorönn 2012. Þá náðist að virkja allar konur í deildinni við undirbúning funda. Eitt af aðalmarkmiðum deildarinnar þetta tímabil var að virkja Betasystur og var þetta ein leið til þess sem stjórnin er sammála um að hafi tekist afar vel og léttir mikið á stjórninni. Við teljum að konur kynnist betur, fleiri hugmyndir koma fram um efni á fundi og konur fá þjálfun í að undirbúa og stjórna fundum en eitt af markmiðum samtakanna er að efla leiðtogaþæfni félagskvenna og telur stjórnin þetta sannarlega einn þátt í því. Það er svo í höndum næstu stjórna að taka ákvörðun um hve oft þetta fyrirkomulag á að vera. Kaffinefndir voru starfandi fyrir hvern fund eins og verið hefur og Orð til umhugsunar voru á öllum fundum nema einum á þessu tveggja ára tímabili.

Stjórnin fékk á tilfinninguna að hún væri ekki að virða hefðir deildarinnar og voru stjórnarkonur sammála um það að væri ekki nógu gott. En vegna þess hve þær upplýsingar eru í raun óaðgengilegar ákvað stjórnin að fá nokkrar konur sem hafa verið lengi eða alla tíð í deildinni til liðs við sig og skrá þær hefðir sem vert er að halda í. Þetta voru þær Anna Þóra, Jóhanna, María Steigríms, Ragnheiður Stefáns og Rósa Júlíusdóttir. Hugmyndir um hefðir sem konur vilja halda í voru skráðar samviskusamlega og verður það til í gögnum deildarinnar. Ennfremur var farið vel yfir fundarskipulag og fundarsköp bæði þegar stjórnin undirbýr og stjórnar fundum og hins vegar þegar aðrir gera það. Þetta skjal er til á heimasíðunni. Það hefur tekið svolitlum breytingum núna eftir að búið er að keyra eina önn í gegn með þessum hætti. Stjórnin er afar ánægð með þessa hefðarvinnu sem var unnin og telur hana mikilvæga til að halda í þær hefðir sem hafa skapast innan deildarinnar.

Aðrar nýjungar á stjórnartímabilinu eru að fleiri en formaður kveikja á kertum við setningu funda. Tilgangurinn með því er að virkja konur enn frekar og gefa fleirum tækifæri til að taka beinan þátt í fundarhaldinu því það verður trúlega aldrei svo að allar Betasystur verða formenn. Þetta hefur mælst vel fyrir hjá þeim konum sem formaður hefur leitað til um þetta verk.

Á þessu tveggja ára tímabili stjórnarinnar hafa þrjár konur sagt sig úr deildinni þær eru Þóranna Þórðardóttir, Margrét Eggertsdóttir og Gunnlaug Friðriksdóttir. Helga Thorlasíus flutti suður en er enn í deildinni. Fjórar konur hafa gengið í deildina þær eru Fríða Pétursdóttir kennari, Sigríður Magnúsdóttir kennari, Anita Jónsdóttir kennari og Ragnheiður Sigurðardóttir bókasafnskennari. Þannig hefur talan alveg haldist og í dag eru Betasystur 28.

Á tímabili þessarar stjórnar var mæting á fundi að meðaltali 17-18 félagskonur en það er svipuð mæting og fyrri ár. Á aðalfundi 11. maí 2012 mættu 21 félagskona og hafa þær ekki

verið svo margar á fundi síðan 5. júní 2009, stjórnin fagnar þessu. Formaður fór á báða framkvæmdaráðsfundina sem haldnir voru á stjórnartímabilinu. Eygló, Þorgerður, Ingibjörg Auðuns og Ragnheiður Stefánsdóttir fóru auk þess á landssambandsþing sem haldið var í Reykjanesbæ. Þar var Ingibjörg Auðunsdóttir með erindi um birtingarmynd eineltis stúlkna og Ragnheiður Stefánsdóttir með orð til umhugsunar auk Eyglóarsem var með innlegg um heimasíðuna. Evrópuþingið var haldið í Baden Baden í Þýskalandi og fóru Þorgerður og Eygló þangað. Þar var Eygló einnig með innlegg um heimasíðuna. Að öðru leyti hafa fáar Betasystur sótt þing og aðra atburði utan deildarinnar. María Steingrímsdóttir var í menntamálanefnd landssambandsins og þar af leiðandi í undirbúningsnefnd fyrir vorþingið 2012. Aðeins ein úr Betadeild fór þangað en það var Helga Thorlasíus. Það verður verk nýrrar stjórnar að hvetja konur ennfrekar til að sækja þing en Betasystur hafa ætíð mætt vel á þing.

Á lokafundi 11. maí 2012 lagði stjórnin til að nefnd um Elísabetarsjóð yrði endurvakin og var það samþykkt. Anna Þóra, Jóhanna og Anna Þóra Baldursdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir og Ragnheiður Stefánsdóttir buðu sig fram í hana. Hlutverk nefndarinnar er að halda utan um sjóðinn og ákveða upphæð á erlend þing. Einng lagði stjórnin til að stofnuð yrði útbreiðslu-nefnd innan deildarinnar og var það samþykkt. Í hana buðu sig fram Ingibjörg Auðunsdóttir, Rósa Júlíusdóttir og Fríða Pétursdóttir.

Kosin var ný stjórn og verður hún skipuð eftirfarandi konum: Jónína Hauksdóttir, formaður. Björg Sigurðardóttir, varaformaður, María Gunnarsdóttir, ritari og Erna Gunnarsdóttir, meðstjórnandi. Fráfarandi formaður mun starfa með stjórninni næstu 2 árin. Sigrún Aðalgeirsdóttir gjaldkeri fer í námsleyfi og lætur af störfum sem gjaldkeri deildarinnar og þarf ný stjórn að velja eftirmann hennar. Nýrri stjórn var fagnað og haft orð á því hve vel hefur tekist til við að yngja upp í stjórninni.

Síðasta embættisverk fráfarandi stjórnar verður að halda upp á 35 ára afmæli deildarinnar og heiðra konu utan samtakanna sem lagt hefur sitt af mörkum til menntamála. Fundurinn verður haldinn á afmælisdegi deildarinnar þann 2. júní að Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit. Ákveðið er að heiðra Rósu Eggertsdóttur fyrir hennar störf og framlag til menntamála.

Landssambandsforseti verður viðstaddur.

Fyrir hönd stjórnar Betadeildar 2010 - 2012
Þorgerður Sigurðardóttir
Fráfarandi formaður